


Vöxtur og eldi Leiðbeiningar

Einn af stærstu áhrifavöldum nautakjötsframleiðslu er lengd eldistímabils. Með markvissri fódur er möguleiki á að stytta eldistímann úr 24 mánuðum niður í allt að 18 mánuði. Markmiðið er að auka vöxt, bæta fódurnýtingu heyja og skila gripum í sláturhús sem flokkast og vigta vel, á skemmri tíma en áður hefur viðgengist. Íslensk naut eru í raun bráðþroska, verða snemma kynþroska og ná því hámarks vaxtarhraða tiltölulega snemma. Það hefur sýnt sig erlendis að nautaeldi með kjarnfóðri samhliða gróffóðri skilar sér í auknum vaxtarhraða og færri kg fódurs á hvert kg fallþunga. Orkuríkara fóður eykur át gripanna, með auknum flæðihraða gegnum vömbina. Aukinn orkustyrkur eykur jafnframt hlutfallslegan orkustyrk sem nýttur er til vaxtar. Eldi með einungis gróffóðurgjöf stendur undir 200-600 g vaxtarhraða. Með samhliða kjarnfóðurgjöf er hægt að tvöfalda þennan vaxtarhraða og auka fallþunga þrátt fyrir styttri eldistíma. Einnig hefur það sýnt sig að fódurnýting gróffóðursins eykst með tilliti til framlegðar. Með styttri eldistíma eykst nýtingin á rými og fóðri. Kjöt hækkar jafnan um flokk og framlegð eykst til muna.



Áhrif kjarnfóðurgjafar á vaxtarhraða.

Eftirtalið fóður er liður í að hámarka afurðir hvers grips á sem skemmstum tíma á sem hagkvæmastan hátt.

Mjólkurduft

Kálfamjólkurduft er góð næring fyrir kálfa á öllum aldri til viðbótar við þá kúamjólk sem er fáanleg hverju sinni. Mjólkurduft inniheldur öll næringarefni sem kálfur eru nauðsynleg til að þeir dafni vel. Duftið leysist vel upp í 40-50 stiga heitu vatni. Fæst í hentugum 25 kg. pokum. Ódýr kostur og hentar jafnt smákálfum jafnt sem eldri gripum.

Kálfaköggla

Kálfaköggla eru hágæða fódurbætir sem ýtir undir vöxt og vöðvauppbyggingu kálfa. Fóðrið er gríðar orkuríkt, próteinríkt og inniheldur hentugt hlutfall steinefna og vítamína til vaxtar, og hentar jafnt naut- og kvígukálfum. Strax við tveggja vikna aldur skal byrja að gefa kálfinum kálfaköggla og gróffóður. Fyrst er gefið lítið í einu og valið smágert og lystugt hey. Mikilvægt er að venja kálfinn sem fyrst á að éta þurrt og hæfilega gróft fóður með mjólkinni, því það flýtir fyrir þroska vambarinnar og stýttir þar með nauðsynlegt mjólkurgjafarskeið. Fyrstu vikurnar á að gefa hey og kálfaköggla að vild og því fyrr sem mjólkurgjöf er hætt (4-12 vikna) því meiri kálfaköggla þarf að gefa. Kálfur sem er 3 mánaða og fær hey að vild þarf 1,5-2 kg af kögglum á dag til að ná góðum þroska. Við 3-4 mánaða aldur skal skipta smám saman yfir í Vöxt, þar sem í stuttan tíma hafa kálfarnir aðgang að báðum tegundum, til að lágmarka röskun á vambarstarfsemi.

Vöxtur

Á fyrri hluta eldistímans er prótein takmarkandi þáttur í eldi gripanna, sérstaklega að 6 mánaða aldri. Vöxtur er próteinríkt og steinefnaríkt kjarnfóður sem miðar að vexti og stærð gripanna. Fóðrið inniheldur fiskimjöl sem er hágæða próteingjafi. Ca/P hlutfall er hagstætt fyrir vöxt stoðkerfisins.

Vöxtur er einnig hentugur fyrir kvígur til að ná fullum vexti og hámarka möguleg nyt í framtíðinni.

Gefið allt 1-2 kg/dag frá 5-15 mánaða aldri.

Eldi

Orkuríkt kjarnfóður sem miðar af því að auka hold gripa síðustu mánuði fyrir slátrun.

Gefið allt að 3 kg/dag síðustu 3-4 mánuði fyrir slátrun.

Aukið magn E-vítamíns

E-vítamín er andoxunarefni sem spornar gegn oxun og vefjaskemmdum í kjöti. Aukið E-vítamín í nautaeldisfóðrinu Eldi gefið síðustu 100 dagana, byggir upp E-vítamínbirgðir í vöðvum fyrir slátrun. Kjötið verður fállegra í útliti eftir slátrun, helst ferskt og fallega rautt mun lengur í kjötborði. Þetta eykur söluverðmæti og samkeppnishæfni íslenska nautakjötsins til muna og tryggir að bændur framleiði ávallt vöru í hæsta gæðaflokki.

Fóðrunarleiðbeiningar

Með kjarnfóðurgjöfinni er ávallt gert ráð fyrir frjálssu aðgengi að góðu gróffóðri.

Tímabil	Mjólkurduft	Ungkál fakögglar	Vöxtur	Eldi
Mjólkurskeið 0 -2 mán.	700 g/dag	Frjálst aðgengi		
3 - 4 mán.		Frjálst aðgengi	Frjálst aðgengi	
5 -10 mán.			1-2 kg eftir heygæðum	
> 11 mán.			1 kg á dag	
síðustu 3-4 mán.				3 kg á dag

Verð	Stórsekkir kr. per tonn	Laust kr. per tonn
VÖXTUR	85.815	82.760
ELDI	69.416	65.780

Öll verð eru án vsk.



www.fodur.is

FÓÐURLANDAN

Sendum um allt land

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvalsveili
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Miðvangi 31
570 9860

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870